

27

15. marz

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega að vorinu, ekki síðar en í maímánuði. Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins, er skipuð sé þremur mönnum til þriggja ára í senn og einn endurskoðanda til sama tíma. Endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár skal leggja fram árlega á aðalfundi til úrskurðar. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5. gr.

Stjórn félagsins kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Hún skal sjá um viðhald girðingarinnar, annast innheimtu, reikningsskil o. fl. Ennfremur skal hún boða til funda félagsins. Fundur er lögmætur ef einn þriðji hluti félagsmanna er mættur. Fundarstaður skal vera á félagssvæðinu.

6. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði minnst  $\frac{2}{3}$  hlutar mætttra félagsmanna atkvæði með breytingunni og komi til samþykki hreppsnefndar og staðfesting atvinnumálaráðuneytisins.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um girðingu í Svinavatns-hreppi frá 3. júlí 1911.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingalögum nr. 66 22. nóv. 1913 til að öðlast gildi 1. apríl 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

28

16. marz

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar  
nr. 46 29. marz 1938.

1. gr.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar falli niður „Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 4 aurar“, en í þess stað komi: Af ísfiski og hraðfrystum fiski greiðist 1 króna af brúttó smálest.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. september 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*